

**3441. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,  
4. desember 2020 og hófst hann kl. 11:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og í lok fundar samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fyrir tekið:**

**2. 2001006 - Fundargerðir 2020 - Menningar- og safnanefnd**

89. fundargerð Menningar- og safnanefndar frá 25. nóvember 2020.

*Lagt fram.*

**1. 2001240 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020**

104. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um bættu stjórnsýslu í umgengnismálum.

311. mál yður til umsagnar - frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmið, áhættumat, sektir o.fl.).

323. mál til umsagnar - frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof.

322. mál til umsagnar - frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun.

321. mál til umsagnar - frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð.

106. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um skákkennslu í grunnskólum.

113. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

*Lagt fram.*

**3. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024**

Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022 til og með 2024.

Undirbúningur vegna síðari umræðu um fjárhagsáætlunin sem fer fram í bæjarstjórn Akraness þann 15. desember næstkomandi.

*Lagt fram.*

*Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar verður á aukafundi bæjarráðs þann 7. desember næstkomandi 09:15.*

*Samþykkt 3:0*

**4. 2011171 - Mæðrastyrksnefnd - styrkbeiðni vegna jólaúthlutunar 2020**

Styrkbeiðni mæðrastyrksnefndar vegna jólaúthlutunar 2020.

*Bæjarráð samþykkir að veita mæðrastyrksnefnd styrk að fjárhæð kr. 400.000 til málefnisins sem er aukning miðað við undanfarin ár og er gert til að mæta*

*fyrirsjáanlegri aukinni þörf í ár sbr. erindi nefndarinnar.*

*Gert hefur verið ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun ársins.*

*Bæjarráð óskar sem fyrr eftir greinargerð frá nefndinni í upphafi næsta ár um fyrirkomulag úthlutunarinnar sem og um fjöldi styrkþega.*

*Samþykkt 3:0.*

#### **5. 1805238 - Bátaskemma á svæði Byggðasafnsins í Görðum**

Forstöðumaður menningar- og safnamála óskar eftir flutningi fjárheimildar milli deilda.

*Bæjarráð samþykkir erindi forstöðumanns um breytingar á fjárhagsáætlun ársins 2020.*

*Um eftirfarandi breytingar er að ræða:*

- 1. Breytingar á fjárfestingu til hækkunar að fjárhæð kr. 7.000.000.*
- 2. Breytingar á gjaldfærslu til lækkunar á Byggðasafni, aðalsafnahús 61210-4620 að fjárhæð kr. 7.000.000.*

*Ráðstöfuninni er mætt með hækkun rekstrarafgangs sem nemur kr. 7.000.000 en einnig samsvarandi hækkun á fjárfestingu og hefur því breytingin ekki áhrif á handbært fé.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 34 og vísar honum til endanlegrar málsmeðferðar hjá bæjarstjórn Akraness.*

*Samþykkt 3:0*

#### **6. 1912291 - Uppsögn / endurskoðun samnings um samstarf slökkviliðs Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar**

Viðauki (framlenging) við samstarfssamning Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um rekstur Slökkviliðs Akraness.

*Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi framlengingu samstarfssamnings sveitarfélaganna með áorðnum breytingum um rekstur Slökkviliðs Akraness til eins ár, til ársloka 2021.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra áframhaldandi vinnu við málið.*

*Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykkt 3:0*

*Hlé gert á fundinum kl. 13:15.*

#### **7. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur**

Niðurstaða starfshóps um framtíðarfyrirkomulag styrkveitinga til ÍA

*Fundi framhaldið kl. 15:10.*

*RÓ vísar af fundi undir þessum lið og tekur ekki frekari þátt í fundinum.*

*ÓA tekur sæti á fundinum í stað RÓ og tekur þátt í afgreiðslu mála nr. 7 og nr. 8 í dagskránni.*

*Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir þeirra vinnu.*

*Bæjarráð samþykkir tillögu starfshóps um framtíðarfyrikomulag og vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykktin gerir ráð fyrir tilteknu viðbótarframlagi á árinu 2021. Frekari ákvarðanir verða áfram til umfjöllunar á næsta ári eftir því sem framvinda efnahagsmála gefur tilefni til.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og að upplýsa forsvarmenn ÍA um ákvörðunina.*

*Samþykkt 3:0*

#### **8. 2011049 - Fjöliðjan - húsnæðismál / Smiðjuvellir 9**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að leigusamningur við Fasteignafélagið Smiðjuvelli 9, verði framlengdur m.t.t. þess að ljóst er að húsnæði Fjöliðju á Dalbraut 10 er ekki tilbúið til rekstrar

*Bæjarráð samþykkir framlengingu leigusamnings við Fasteignafélagið Smiðjuvöllum 9 vegna starfsemi Fjöliðjunar.*

*Gert hefur verið ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun ársins 2021.*

*Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:10.**